

ar Stephensen, fyrir hönd erfingja Magnúsar Stephensens kaupmanns og dánarbús Magnúsar Stephensens landshöfðingja.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 17. desbr. 1917.

Nr. 50/1917.

H. Söbstad

gegn

Valdemar Thorarensen
fyrir hönd T. Bakkevig.

D ó m u r :

Með dómi gestaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, uppkveðnum 16. júlí 1915, var áfrýjandi H. Söbstad dæmdur til að greiða stefnda Valdemar Thorarensen fyrir hönd T. Bakkevig 14058 kr. 36 a. með 5% ársvöxtum frá 3. ágúst 1911 til greiðsludags og málskostnað með 300 kr. Gestaréttardómi þessum var skotið til landsyfirdómsins og var hann staðfestur með dómi nefnds réttar uppkveðnum 13. nóv. 1916. Svo var og áfrýjandi með sama dómi dæmdur til að greiða 100 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Þessi yfirréttardómur var birtur áfrýjanda 18. des. 1916 og eftir kröfu stefnda var honum fullægt með fógetagerð á heimili áfrýjanda á Siglufirði 14. maí 1917 og var þá gert fjárnám í ýmsum eignum áfrýjanda til fullnægingar á dómskuldinni, en skuldina reikn-

aði stefndi þá með vöxtum og kostnaði 18830 kr. 38 a, en eignir þær, er teknar voru fjárnámi voru virtar á 54400 kr. Fyrir fógætaréttinum mótmælti áfrýjandi fjárnámsgerðinni og til vara krafðist hann þess að henni væri frestað, en með samstundis uppkveðnum úrskurði var mótmælunum og frestunarkröfunni hrundið. Úrskurði þessum og fógætagerðinni í heild sinni hefir H. Söbstað skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. júlí þ. á. og er það aðalkrafa hans hér fyrir réttinum, að úrskurðurinn og fjárnámíð í heild sinni verði ónýtt og úr gildi felt, en til vara að fjárnámskrafa stefnda verði færð niður um 156 kr. 38 a, svo krefst hann og málskostnaðar, hvernig sem úrslit malsins verða, bæði fyrir fógætarétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Hins vegar hefir stefndi Valdemar Thorarensen fyrir hönd T. Bakkevig krafist staðfestingar á fógætaréttarú skurðinum og fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Aðalkröfu sína um ónýting fjárnámsúrskurðarins og fjárnámsgjörðarinnar rökstyður áfrýjandi með því, að fógæti sá, er kvað upp úrskurðinn, hafi eigi haft nokkra skipun (konstitution) í málinu, hinn reglulegi fógæti hafi ekki vikið úr sæti, og hafi því mann þann, er var í fógæta stað, brostið myndugleika (competence) til að kveða upp úrskurðinn. En þetta er eigi rétt, því að lögfræðingur sá, er framkvæmdi téð réttarverk í stað hins reglulega fógæta, hafði beina löggildingu til þess í símskeyti frá stjórnarráðinu dags. 12. maí 1917 og verður aðalkrafa áfrýjanda fyrir því eigi tekin til greina, og jafnframt skal það tekið fram, að hann nú virðist hafa fallið frá mótmælum

þeim gegn framgangi fjárnámsgerðarinnar, er hann hélt fram fyrir fógætaréttinum, þar sem hann segir, að »atriðið hafi ekki verulega praktiska þýðingu nú orðið« enda verður að líta svo á, að úrskurður fógætaréttarins um greind mótmæli hafi verið réttur og lögum samkvæmur.

Kemur þá varakrafa áfrýjanda til álita, en hún er sú, að fjárnámskrafa stefnda verði færð niður um kr. 156,38; eru það ýmsir liðir í vaxta- og kostnaðarreikningi stefnda, er hann telur ranga og of hátt reiknaða; þessum leiðréttingum getur hann komið fram fyrir yfirdómi, þótt hann eigi legði þær undir úrskurð fógætaréttarins, og með því að þessari niðurfærslukröfu hefir eigi verið mótmælt sérstaklega af af stefnda, verður að taka hana til greina, og draga upphæðina 156 kr. 38 a. frá fjárnámsupphæðinni 18830 kr. 38 a. og verður hún þá 18674 kr. Með þessari breytingu verður að staðfesta fógætaréttarúrskurðinn og fjárnámsgerðina, og eftir þessum úrslitum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi fógætaréttarúrskurður og fjárnámsgerð skal óraskað vera að öðru en því, að fjárnámsupphæðin sé 18674 kr. Áfrýjandi, H. Söbstad, greiði stefnda, Valdemar Thorarensen, f. h. T. Bakkevig 20 kr. í málskostnað og lúk-

ist upphæð þessi áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. desbr. 1917.

Nr. 42/1917.

Ráðherra Íslands fyrir hönd
landssjóðs
gegn
Birni Gíslasyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Björn Gíslason bóndi á Ásgautsstöðum innan Árnessýslu, gegn landsstjórninni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 10. okt. 1916 til þess að fá hana dæmda til að skila sér nokkrum húsum og öðrum mannvirkjum, er hann taldi sig eiga í Gaulverjabæ, og til að greiða sér skaðabætur fyrir ólögmett hald á þeim. Málið var dæmt í bæjarþinginu 3. maí 1917 á þá leið, að landsstjórnin var dæmd til að láta af hendi við stefnda nokkur nánar tiltekin hús, en að öðru leyti var landsstjórnin sýknuð og málskostnaður látinn falla niður. Stefndi var sektaður um 20 kr. fyrir ósæmilegan rithátt og fyrrum ráðherra Einar Arnórsson um 4 kr. fyrir að hafa hvorki sótt né látið sækja sáttafund, þá er leit að var sátta um málefnið.

Dómi þessum hafa báðir aðilar skotið til yfir dómsins, landsstjórnin með stefnu dags. 24. maí 1917 og Björn Gíslason með gagnstefnu 29. okt. samæris. Hefir hinn síðarnefndi krafist þess, að justitiarius og